

25. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 30. október 2012, kl. 13:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Helgi Jóhannsson formaður, Jónína Magnúsdóttir, Aðalsteinn Arnarsson, Edward Huijbens, Guðni Brynjólfur Ásgeirsson, Björg Traustadóttir, Valgerður Ósk Einarsdóttir, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna.

## **Dagskrá:**

### **1 Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt.

### **2 Áherslur í starfi skólans**

#### 2.1 Húsnæði skólans

Skólameistari gerði grein fyrir stöðu mála er varðar húsnæði skólans. Ljóst er að mikið er farið að þrengja að þrátt fyrir stækkun í haust og til að mynda engin aðstaða fyrir mötuneyti nemenda. Æskilegast er að matsalur sé innan skólans. Þá er enginn salur til staðar til að kalla saman nemendur þegar á þarf að halda og skortur er á minni rýmum til að grípa til. Þá er aðstaða starfsbrautar skólans einnig of lítil og afar mikilvægt að úr henni verði bætt. Það er því brýnt að huga að stækkun húsnæðis skólans hið allra fyrsta.

Skólanefnd tekur undir áhyggjur skólameistara og leggur fram eftirfarandi ályktun:

Skólanefnd Menntaskólans á Tröllaskaga skorar á yfirvöld menntamála að huga hið allra fyrsta að lausnum á húsnæðisvanda skólans og felur skólameistara og formanni skólanefndar að fylgja málinu eftir.

#### 2.2 Heilsueflandi framhaldsskóli

Nú er skólinn formlega orðinn heilsueflandi framhaldsskóli og er merktur sem slíkur.

#### 2.3 Tengsl við umhverfið

Skólameistari lagði fram hugmynd að því að skólanefnd ræddi tengsl skólans við umhverfið og samfélagið.

### **3 Námsframboð, innritun fyrir næsta skólaár, nýjar námsbrautir, fjarnám**

#### 3.1 Innritun

Um 170 nemendur eru nú innritaðir í skólann á haustönn, þar af 129 í dagskóla. Skólinn hefur 130 nemendaígildi fyrir næsta skólaár. Nú stunda 40 nemendur nám á félags- og hugvísindabraut, 27 á náttúruvísindabraut, 36 á listabraut, 15 á íþróttabraut og 9 á starfsbraut. Á umhverfis- og auðlindabraut eru 14 og 5 eru á ótilgreindri braut.

#### 3.2 Nýjar námsbrautir

Skólameistari gerði grein fyrir að nú hefði fengist leyfi fyrir kennslu á fisktæknibraut. Áður hafði verið unnin undirbúningsvinna en ekki tókst að koma kennslu í gang á brautinni. Vinna við undirbúning þeirrar brautar er nú í samstarfi við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Núverandi verkefnisstjóri er sjávarútvegsfræðingur að mennt og er í starfi við MTR. Þá var gerður samningur við Háskólann á Akureyri um samstarf milli skólans og sjávarútvegsdeildar HA.

Þá hófst kennsla á umhverfis- og auðlindabraut síðasta haust í samstarfi við FAS, ME og

FSN.

Jónína Magnúsdóttir óskaði skólnum til hamingju með samstarfssamninginn við HA og tóku aðrir nefndarmenn undir það.

### 3.3 Fjarnám

Boðið var upp á fjarnám við skólann s.l. haust og nú eru þó nokkrir sem stunda fjarnám við skólann, m.a. í ljósmyndun.

## 4 Starfs- og fjárhagsáætlun

### 4.1 Skólasamningur

Skólameistari gerði grein fyrir að fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis hefðu mætt og lagt fyrir drög að nýjum skólasamningi milli ráðuneytis og skóla. Fyrri samningur sem gildi fyrir tímabilið 2010-2012 var aldrei undirritaður. Einnig var lögð fram sjálfsmatsskýrsla skólans 2011-2012.

### 4.2 Fjárhagur

Fjárhagur skólans stendur vel og hefur skólinn haft svigrúm til að þróa skólann. Allt bendir til að skólinn verði innan fjárheimilda á árinu ef allt gengur upp með nemendaígildi. Nú er unnið að fjárhagsáætlun næsta fjárhagsárs.

## 5 Samningar skólans

### 5.1 Háskólinn á Akureyri

Eins og fram hefur komið hefur verið gerður samningur milli MTR og HA í tengslum við nám í fisktækni.

### 5.2 Sprotasjóður

Skólameistari gerði grein fyrir niðurstöðu úr verkefni sem styrkt var af Sprotasjóði.

### 5.3 Knattspyrnuakademía

Skólameistari gerði grein fyrir samningi milli skólans og KF varðandi knattspyrnuakademíu. Í skólanum er nú kenndur áfangi í knattspyrnu sem gefur nemendum sem iðka knattspyrnu möguleika á að iðka íþrótt sína samhliða námi sínu í skólanum.

## 6 Starfsmannamál

Skólameistari gerði grein fyrir breytingum á starfsliði starfsbrautar. Þar hafa verið ráðnir stuðningsfulltrúi og iðjuþjálfari. Þá hefur verið ráðinn kennari í ljósmyndun og fjarkennir hann frá Hornafirði.

## 7 Önnur mál

### 7.1. Fundartími skólanefnda

Lagt til að fundartími skólanefndar verði alla jafnan þriðja þriðjudag í mánuði kl. 13.00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.30

Fundargerð ritaði

Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir